



mánudagur, 20 september 2019


Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tilvísun í mál: R19090132

Efni: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mat á vindáhrifum nýbygginga á fundi borgarráðs 12. sept. 2019 þar sem spurt er: *Háhýsi er þekkt fyrir að geta dregið vind niður að jörðu og myndað vindsveipi. Flokkur fólksins spyr hvort borgin hafi nýtt sér vindgöng og líkön til að mæla áhrif bygginga á vindhreyfingu? Ef ekki, sér borgin ekki ástæðu til að nýta líkantilraunir til mæla vindáhrif? Hefur einhverntíma verið reynt að mæla, í vindgöngum, áhrif af mismunandi lagi húsa á vindhreyfingar. Hægt er með slíkum tilraunum að prófa mismunandi gerðir háhýsa í og mæla hversu mikil áhrif húsin hafa á vindstreymi og hægt er að mæla hvar vindar skella niður að jörð. Form háhýsa skipta máli, ef hús eru stölluð eða mjökka upp eru minni líkur á að vindurinn skelli niður.*

Umsögn:

Vindáhrif og önnur veðurfarsleg áhrif á fyrirhugaða byggð og aðra uppbyggingu eru reglulega tekin til skoðunar á vinnslustigi deiliskipulags þar sem líkur eru á að ríkjandi veðurfarskilyrði kunni að hafa áhrif. Leitast er við að takmarka neikvæð áhrif með ýmsum hætti s.s. með útfærslu byggðamynsturs, kvöð um gróðursetningu og aðgerðum á ytra byrði og uppbroti bygginga sem miða að því að draga úr vindsveipum. Skilyrði um slíkt eru að jafnaði sett í skilmála og greinargerð viðkomandi deiliskipulagsáætlunar. Nýleg dæmi eru t.d. uppbygging við Austurhöfn og Esjumelar. Lóðarhafa ber að fara eftir og uppfylla, skilmála gildandi deiliskipulags þ.m.t. ákvæði um vindáhrif ef þau eru til staðar í skilmálum viðkomandi deiliskipulagsáætlunar og kanna það með viðeigandi hætti.



Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi